



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Alþingi

b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Borgarnesi 04.05 2018

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um byggðaáætlun 2018-2024, 480 mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2018 – 2024, 480. mál.

Almennt um tillöguna

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) lýsa yfir ánægju sinni með fram komna tillögu að þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun. Í aðdraganda hennar var gott samstarf á milli Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna og ljóst að tekið hefur verið tillit til sjónarmiða og ábendinga sem komu frá landshlutasamtökunum. Það er brýnt að áfram verði gott samstarf þessara aðila, ekki síst varðandi vinnu við að koma aðgerðaráætlun byggðaáætlunar í framkvæmd.

Markmið áætlunarinnar er skýrt að okkar mati og tókum við undir mikilvægi þeirra þriggja áhersluatriði sem sett eru í forgang til að stuðla að jákvæðri byggðapróun:

- Jafna aðgengi að þjónustu
- Jafna tækifæri til atvinnu
- Stuðla að sjálfbærri þróun byggð um allt land.

Umsögn um aðgerðaráætlunina

Aðgerðaráætluninni er skipt í þrjú kafla; jöfnun á aðgengi að þjónustu, jöfnun tækifæra til atvinnu og sjálfbær þróun byggðar um allt land.

Varðandi þær aðgerðir sem listaðar eru upp í kafla A um jöfnun á aðgengi að þjónustu teljum við þær allar til þess fallnar að renna styrkari stöðum undir búsetu á landsbyggðinni. Við viljum sérstaklega taka undir mikilvægi þess að verkefninu Ísland ljóstengt verði lokið árið 2020 og með stuðningi Fjarskiptasjóðs og byggðaáætlunar verði sveitarfélögum gert kleif að ljúka verkefninu. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fagna því að byggðaáætlun veiti stuðning til reksturs almenningsgangna á landsbyggðinni og þá sérstaklega við þær leiðir sem skilgreindar eru mikilvægar út frá byggðalegu sjónarmiðum. Þá teljum við mjög til bóta að ráðast í aðgerðir til að efla smásöluverslun og jafna flutningskostnað. Aðalfundur SSV hefur ítrekað í gegnum árin ályktað um jöfnun orkukostnaðar og því er mikilvægt að byggðaáætlun stuðli að jöfnun, en þarna er stórt verkefni sem mögulega krefst að okkar mati endurskipulagningar í raforkumálum.

Í kafla B sem fjallar um jöfnun tækifæra til atvinnu viljum við sérstaklega draga fram mikilvægi verkefnisins um þrífösun á rafmangi. Það er ljóst að víða á Vesturlandi stefnir í að bændur geti ekki nútímavætt búskap sinn vegna skorts á þriggja fasa rafmangi og sömuleiðis er ekki mögulegt að byggja upp ferðaþjónustu á þessum stöðum þar sem þriggja fasa rafmagn er ekki til staðar. Því leggjum við á það áherslu að ráðist verði í áttak til að ljúka þrífösun á rafmangi á næstu sjö árum. Í


kafla B er einnig nokkrar tillögur sem fjalla um að opinber störf verði staðsett í landsbyggðunum eða fólki gert kleift að sinna þeim þar. Við tökum undir þær hugmyndir en teljum að hægt sé að vinna að þessum málum af meiri einurð. Þessu til stuðnings má benda á verkefni danskra stjórnvalda um að flytja opinber störf út á landsbyggðirnar. Samkvæmt okkar upplýsingum ætla Danir að flytja um 8000 opinber störf og hafa nú þegar flutt tæplega helming þeirra. Loks tökum við eindregið undir tillögu þess efnis að þeir aðilar sem sækja vinnu um langan veg fái hluta kostnaðar endurgreiddan í gegnum skattkerfið.

Í kafla C er fjallað um aðgerðir sem eiga að stuðla að sjálfbærri byggðapróun. Líkt og í tveimur áður nefndum köflum tökum við undir þær tillögur sem gerðar eru að aðgerðum, en viljum sérstaklega árétta mikilvægi þriggja tillagna. Í fyrsta lagi tillögu um sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða sem fela í sér dreifingu valds og fjármuna til svæðanna sem og aukna ábyrgð til þess að stuðla að jákvæðri byggðapróun í héruðum sem hafa átt undir högg að sækja. Í öðru lagi teljum við mikilvægt að íbúðalánasjóði verði falið að útfæra leiðir þar sem hægt verði með stuðningi sjóðsins að stuðla að byggingu íbúðarhúsnæðis á stöðum þar sem misgengi hefur verið á milli byggingaverðs og markaðsverðs. Í þriðja lagi tökum við undir tillögu um að byggðaaætlun stuðli að því að Áfangastaðaáætlanir DMP verði með góðri kynningu og samstarfi við sveitarfélögin um útfærslu að öflugri stjórnþæki við uppbyggingu áfangastaða og ferðapjónustu.

Lokaorð

Byggðaaætlun er mikilvægt stjórnþæki við uppbyggingu landsbyggðanna. Við trúum því að í gegnum samspil byggðaaætlunar og sóknaráætlana landshlutanna sé orðið til fyrirkomulag sem stuðli að öflugri byggðapróun í samstarfi stjórnvalda og heimamanna. Vegna þessa skiptir miklu máli að ný byggðaaætlun sé metnaðarfull og í henni felist skýr markmið og mikilvægar aðgerðir. Við teljum að svo sé og því ríður á að hún fái stuðning og fjármögnun stjórnvalda.

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi



Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV